

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021**

Skóla- og frístundaráð beinir því til samgöngu- og skiplagssviðs/ráðs að gerðar verði ráðstafanir og úrbætur sem fyrst til að tryggja betur umferðaröryggi gangandi vegfarenda við Álmgærði sem er gönguleið barna í skóla sem búa við Furugerði, Hlyngerði, Seljugerði og Viðjugerði. Mikill umferðarhraði er við götuna og samkvæmt mælingum lögreglu er brotahlutfall þar hátt. Ekki er forsvaranlegt að hvetja börn til að ganga eða hjóla í skóla ef umferðaröryggi þeirra verður ekki tryggt eins og best verður á kosið.